

Beinafundur við Glerá í Kræklingahlíð

Hildur Gestsdóttir & Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands
FS059-98191
Reykjavík 1998

© *Fornleifastofnun Íslands* 1998

Inngangur

Þann 3. september 1998 kom í ljós höfuðkúpa og lærleggur úr manni í malarnámi við Glerá í Kræklingahlíð. Frétt birtist um fundinn í Morgunblaðinu tveimur dögum síðar með ljósmynd af beinunum (bls. 16). 23. september 1998 fór Þjóðminjasafn Íslands þess á leit við Fornleifastofnun að hún gerði minniháttar athugun á staðnum og tæki bein þau sem komið höfðu í ljós til handargagns. Vettvangsathugun var gerð 25. september 1998 af Orra Vésteinssyni, sem jafnframt tók viðtöl við starfsmenn Malar & sands. Hildur Gestsdóttir gerði athuganir á beinunum.

Staðsetning

Beinin höfðu komið í ljós eftir rigningar í moldarhaugum sem eru syðst og austast í malarnámi því sem er suðaustan við Glerárbæinn. Mölin sem unnin er á þessum stað er undir 2-3 m þykkum moldarjarðvegi sem hefur verið skafinn ofan af og ýtt upp í hrúgur á bökkum malarnámsins. Að sögn Björns Sigþórssonar gröfumanns hjá Mól & sandi var lítil hólbunga syðst á því svæði sem hefur verið opnað og var henni rutt niður, bæði til norðurs og suðurs árið 1997. Síðan þá hafa Björn og fleiri starfsmenn Malar & sands tekið eftir beinflísunum í rofunum sunnan við þennan hól. Ekki gerðu menn sér þó grein fyrir að um mannabein væri að ræða fyrr en höfuðkúpan og lærleggurinn komu í ljós eins og áður segir.

Eftir að höfuðkúpan og lærleggurinn komu í ljós voru þau látin liggja í 5-7 daga en síða var mokað yfir þau aftur þar sem óttast var að þeim gæti verið hnuplað ella. Þau fundust aftur eftir tilvísun Garðars Sverrissonar sem hafði mokað yfir þau. Einnig var grafið lítlsháttar í rofunum sunnan við hólinn þar sem beinaleifar höfðu sést á um 20x20 m svæði. Fundust þar nokkur bein til viðbótar, einkum stórgripabein, en ekkert annað, hvorki gripir, torfleifar, tré né aska.

Mannvistarleifar í austurhluta Glerártúns. Smáhóll sá, sem beinin munu ættuð úr, hefur verið við austurendann á Garðhóli, lágum hrygg eða hólrana sem lá austur og vestur í gamla túninu á Glerá, á stað 65°40.417 N 18°09.377 V. Garðhóll er nú alveg horfinn í malarnámið en hólinn litli er á austurmörkum þess. Þegar fornleifar voru

skráðar á þessu svæði sumarið 1998 benti Baldur Halldórsson á Hlíðarenda á að bærinn á Neðri-Glerá, sem fór í eyði eftir miðja 19. öld, muni hafa staðið á Garðhóli en í örnefnalýsingu eftir Steindór Steindórsson er talað um að bærinn hafi verið “neðan við hlaðbrekkuna á Glerá”. Í örnefnalýsingunni gæti verið ruglingur því gamla bæjarstæði Efri-Glerár er neðan við það sem nú mætti kalla hlaðbrekku eftir að bæjarhús voru flutt upp í brekkuna snemma á þessari öld. Ábending Baldurs er því eina vísbendingin um hvar Neðri-Glerá muni hafa staðið, önnur en sú sem fram kemur í jarðabók Árna og Páls frá 1712 en þar segir að báðir bæirnir séu innangarða (JÁM X, 200). Garðhóll er innan túns eins og það var 1918 og gæti því talist sennilegt bæjarstæði. Ekki sjást þó nein ummerki um byggingar í rofunum af þeim stað sem hóllinn var, hvorki aska, viðarkol né torfleifar og ætti slíkt þó að sjást ef þar hefur staðið bær í nokkrar aldir. Í norðurbakka námunnar, sem er við norðurhlið Garðhóls sem var, sést greinilegt umrót í moldarlaginu, allt að 70 sm niðurfyrir grasrót á löngum kafla (allt að 20 m þar sem hægt var að komast að) en hvergi voru þó merki um byggingar eða öskuhauga. Umrótið var eingöngu hreyfð mold með flekkjum af forsögulegum gjóskulögum, einkum H3 og H4, eins og um uppmokstur gæti verið að ræða. Þetta röt getur ekki talist vísbending um byggingar á þessum stað og tengist frekar jarðvinnslu í túninu. Þó að rótið nái djúpt niður þarf það ekki að vera gamalt og gæti tengst túnabótum á þessari öld.

Það er því ekki ljóst hvar Neðri-Glerá hefur staðið í túninu. Hugsanlegt er að nöfnin hafi víxlast og að það hafi verið Efri-Glerá sem fór í eyði á 19. öld. Þá gæti staðist að Neðri-Glerá hafi verið neðan við hlaðbrekkuna og efri bærinn hafi þá verið þar sem núverandi íbúðarhús eru, eða á Kirkjuhól sem er sunnan við þau. Að minnsta kosti er ekki hægt að fullyrða að bein þau sem í ljós komu í september 1998 standi í sambandi við annan bæinn í Glerá og verður að líta svo á, miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir, að um staka gröf hafi verið að ræða í lágum hól í túnjaðri.

Greining beinaleifa frá Glerá

Mannabeinin eru heil hauskúpa, án neðri kjálka og efri helmingur hægra lærleggs. Þar sem að beinin höfðu færst úr stað þegar þau fundust var ekki hægt að segja með

vissu hvort þau ættu saman. Ef skoðuð er varðveisla, litur og stærð beinanna er hinsvegar mjög líklegt þau séu úr sama einstakling.

Varðveisla. Varðveisla beinanna er mjög góð, fyrir utan að hægri hluti hauskúpunnar og fremri hluti lærleggsins hafa hvítnað og flagnað. Þetta hefur gerst vegna þess að þau hafa verið óvarin fyrir veðri og vindum í einhvern tíma. Hvítun og flögnun á beinum gerir það að verkum að mjög erfitt getur verið að greina þau. Það undirstrikar hve nauðsynlegt er að bregðast skjótt við þegar beinafundir eru tilkynntir.

Kyn. Stærð og lögun mismunandi kyngreinandi einkenna á höfuðkúpunni (sjá t.d. Schwarts, 1995 & Buikstra & Ubelaker, 1994) og mælingar á lærleggjarhöfðinu borin saman við staðla frá Brothwell (1981) voru nýtt til kyngreininga. Niðurstöðurnar bentu allar til þess að einstaklingurinn væri karlkyns.

Aldur. Sameining hauskúpusauma var notuð til lífaldursgreiningar. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að lífaldur hafi verið í flokknum 36-45 ára.

Líkamshæð. Varðveisla var ekki nógu góð til þess að reikna mætti líkamshæð.

Meðfædd beinaeinkenni (non-metric traits). Meðfædd beinaeinkenni voru skráð og bætt við gagnagrunn Fornleifastofnunnar Íslands. Þau verða ekki birt hér vegna þess að aðeins er um einn einstakling að ræða, og því ekki hægt að gera neinar tölfræðilegar athuganir.

Meinafræði. Eyðing á fremri miðlægum kinnkjálka og þá sérstaklega nefskarði og beinmyndun og eyðing á beingómnum eru einkenni sem tengja má holdsveiki. Hins vegar er ekki hægt að greina slíkt með vissu, þar sem að svo lítið af beinagrindinni hefur varðveist, og breytingarnar eru ekki á mjög háu stigi.

Beinmyndun (*enthesopathy*) á gagnaugalínu er beingerð vegna meiðsla á gagnaugavöðva (*temporalis*). Beingerðin er gróin, sem bendir til þess að þessi meiðsl hafi átt sér stað þó nokkru fyrir dauða.

Tvær ígerðir eru í tanngarði á kinnkjálka. Önnur er við rætur hægri fyrsta jaxls, en hin við rætur vinstri fyrsta jaxls. Ekki er að sjá neinar tannskemmdir tengdar þessar ígerðum, en vinstri jaxlinn er mjög eyddur, sérstaklega innri brún hans, og

líklegt er að þannig hafi ígerðin komist í tanngarðinn. Rauf (*cloaca*) sem er um 4mm í þvermál hefur myndast við tönnina á innri tanngarðinum, og tvær minni (um 2mm í þvermál) á ytri brún. Rauf vegna ígerðar í hægri tanngarði er á framhlið og er 7x4mm að stærð. Brúnir þessara raufa eru mjög hvassar, sem þýðir að þær hafa lítið gróið.

Nánari lýsingu á tönnum og meinafræðilegum breytingum eru að finna í viðauka I og II.

Kirkjuhóll

Kirkjuhóll er 3-4 m hár og 80x44 m stór hóll ofarlega í Glerártúni, 50 m suðaustur af því eldra af tveimur núverandi íbúðarhúsum og um 70 m suður af gamla bæjarstæðinu, á stað 65°40.322 N 18°09.540 V. Hóllinn hefur verið sléttaður en þó má greina misjöfnur á honum hér og þar sem gætu verið til merkis um byggingaleifar. Kirkjuhóll er 160 m vestur af smáhól þeim sem beinin komu úr og er útilokað að um tengsl geti verið að ræða. Hinsvegar hafa bein komið í ljós í og við Kirkjuhól. Að sögn Björns Sigþórssonar hefur hann tekið eftir beinadreif í rofum sunnan við Kirkjuhól og telur hann að þau hljóti að vera komin úr raski sem hefur verið gert á blásuðurenda hólansins. Þar hefur verið skafið ofan af hólendanum, varla þó meir en 50 sm djúpt en mörk malarnámsins sjálfs eru hinsvegar um 10 m sunnar og eru stórir rofahaugar á milli. Björn tindi þessi bein saman og setti í plastpoka og gróf hann niður á þessum stað en pokinn fannst ekki aftur þrátt fyrir talsverða leit. Þá voru sumarið 1998 teknar tvær könnunarholur með skurðgröfu ofan í hólinn til að athuga hvort mól reyndist vera undir honum. Bein komu í ljós á báðum stöðum. Önnur holan er 25 m frá suðurendanum og sést þar rask á um 6 m bili. Þessi staður er þar sem hóllinn er hæstur en 19 m þar norðan við var hin könnunarholan og er þar farið að halla niður af hólnum til norðurs. Björn lýsti beinum þeim sem upp komu sem leggjum og rifbeinum, en þegar uppgötvaðist að um kirkjugarð gæti verið að ræða var bæði bein og jarðvegur sett ofan í aftur. Ekki er ótvírætt að bein þau sem hafa komið í ljós á alls um 50 m bili ofan á Kirkjuhól séu öll mannabein en líklegt er að a.m.k. hluti þeirra sé úr kirkjugarði.

Kirkjugarður á Glerá. Ekki eru neinar sögulegar heimildir um kirkju eða kirkjugarð á Glerá. Jóhannes Óli Sæmundsson örnefnasafnari Eyfirðinga hefur eftir óþekktum

heimildamanni að menn hafi fyrir satt “að kirkja hafi þar staðið snemma á öldum. Munnmæli herma að hún hafi fokið í ofviðri, en kórstoð úr henni fundist heima í túninu í Lögmannshlíð, þar sem nú stendur kirkjan. Hafi kirkjan ekki verið endurbyggð á Glerá, heldur í Lögmannshlíð og staðið þar jafnan síðan.” Steindór Steindórsson segir frá staðsetningu Kirkjuhóls í örnefnalýsingu Akureyrar og staðhæfir að þar séu leifar af gömlum kirkjugarði. Gæti það bent til þess að menn hafi áður orðið varir við mannabein á þessum stað.

Samkvæmt Landnámabók bjuggu Ásmundur og Ásgrímur Öndóttssynir landnámsmenn Kræklingahlíðar á sitthvorum bænum í Glerá (ÍF I, 264, 265 nm, 267). Gæti það bent til að þar hafi verið tvíbýli um langan aldur en einnig er sú kenning til að syðri bærinn sé sami og síðan á miðöldum hefur verið kallaður Kotá og er sunnan við Glerána (Steindór Steindórsson 1993, 88). Glerárbæjar er einnig getið í Grettissögu (8. kap (ÍS V, 15)) og bendir þetta til að á 13. öld hafi menn talið að Glerá hafi upphaflega verið aðaljörðin í Kræklingahlíð en þegar í lok 13. aldar er hún hinsvegar fallin í skuggann af Lögmannshlíð. Í Lögmannshlíð var sóknarkirkja syðri hluta Kræklingahlíðar og var jörðin jafnan setin af stórbændum. Á 15. öld voru bæði Lögmannshlíð og Glerá eign Lofts Guttormssonar ríka og erfingja hans, Eiríks Loftssonar og Sumarliða Eiríkssonar. Jarðirnar komust síðan báðar undir Jón Arason Hólabiskup en hann gaf Helgu dóttur sinni Lögmannshlíð en kirkjunni þar gaf hann Glerá upp í skuld. Sú skipan mun ekki hafa verið haldin framan af en báðar jarðirnar voru í höndum niðja Jóns fram á 18. öld. Í byrjun 17. aldar gekk Guðbrandur biskup Þorláksson á eftir því með dómum að Glerá skyldi haldin kirkjujörð Lögmannshlíðarkirkju og festist sú skipan eftir 1620. Þó að Glerá hafi verið alldýr jörð (40 hundruð) var hún eftir þetta eins og hjáleiga frá Lögmannshlíð og hafði ekki sérstök landamerki fyrr en ríkið seldi hana með öðrum kirkjueignum í byrjun þessarar aldar.

Þó að ekki sé á miklu að byggja má ætla að Glerá hafi við upphaf byggðar í Kræklingahlíð verið meiriháttar býli. Af þeim sökum er sennilegt að þar hafi snemma verið reist kirkja og grafreitir verið við hana. Glerá hefur síðar fallið í skuggann af Lögmannshlíð, sem er aðeins 500 m norðar og kirkjan þar var orðin sóknarkirkja sveitarinnar í byrjun 14. aldar og bærinn aðsetur stórmenna. Árið 1318 greiddu 11 bæir tíund og heytoll til Lögmannshlíðarkirkju og presturinn þar tók 3,5 merkur utangarðs í söngkaup. Vitað er um hálfkirkju á Ytra-Krossanesi (sbr. DI III, 620) en venjulegt söngkaup við hálfkirkjur var 2 merkur. Afganginn gæti presturinn hafa

tekið af tveimur eða þremur bænhúsum – vitað er um eitt slíkt í Samtúni (JÁM X, 188) – en ljóst er að minnsta kosti að hafi kirkja ennþá verið á Glerá á þessum tíma hefur þjónusta þar verið mjög takmörkuð. Hugsanlegt er því að bænhús með grafreit hafi enn verið við lýði á Glerá á seinni hluta miðalda, en þess er í engu getið í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem tekin var saman 1712 í Kræklingahlíð. Það bendir til þess að þá hafi menn ekki lengur munað eftir kirkju þar og má því teljast sennilegt að Gleráarkirkja hafi lagst af á 16. öld hið síðasta, vísast miklu fyrr.

Varðveisla fornminja við Glerá

Allur suður- austurhluti gamla túnsins á Glerá er nú horfinn í malarnám. Vísast hafa fornminjar horfið við það rask og vitað er um a.m.k. eina gröf í smáhól austast í malarnáminu sem hefur eyðilagst af því. Aðeins tvö bein úr gröfinni hafa komið í ljós en þar sem varðveisla þeirra er góð verður að telja líklegt að aðrir hlutar beinagrindarinnar séu í rofhaugunum í suðausturhorni malarnámsins. Brún malarnámsins er nú 25-30 m austan og sunnan við Kirkjuhól, en rask tengt malarvinnslunni hefur þegar skemmt þann hól að nokkru og raskað við gröfum. Að sögn Hólmsteins T. Hólmsteinssonar framkvæmdastjóra Malar & sands er ekki fyrirhugað að stækka námuna lengra í átt að hólnum. Náman mun enn eiga eftir að dýpka en eftir að hún verður fullunnin verður rofmoldunum rutt ofan í aftur og sáð í, en gert er ráð fyrir að þetta svæði verði hluti af framtíðar útivastarlöndum Akureyringa.

Þó að Kirkjuhóllinn hafi orðið fyrir nokkru raski er það ekki meir en svo að vel gæti borgað sig að rannsaka þar kirkjugarð og aðrar mögulegar minjar. Ef varðveisla beina þar er jafngóð og í hólnum litla austast í túninu gæti þarna verið fundinn kirkjugarður frá miðöldum sem ástæða væri til að rannsaka.

Samantekt

Tvö bein úr miðaldra karlmanni ættuð úr litlum hól austast í túnjaðri á Glerá í Kræklingahlíð komu í ljós við malarnám haustið 1998. Mögulegt er að maðurinn hafi þjást af holdsveiki. Miðað við staðsetningu er ekki óhugsandi að bein þessi geti

verið úr kumli en ekkert annað fannst þó sem stutt gæti slíka tilgátu. 160 m vestan við þennan stað er svokallaður Kirkjuhóll og fylgja honum sagnir að þar hafi staðið kirkja til forna. Þar hafa einnig komið upp bein sem talin eru úr mönnum á a.m.k. þremur stöðum. Leiða má líkur að því að kirkjugarður þessi sé forn og hafi ekki verið í notkun frá því á miðöldum. Ef bein þar eru jafnvel varðveitt og þau sem komu í ljós í austurjaðri túnins verður að telja þennan garð kjörinn rannsóknarstað. Kirkjugarðinum er ekki lengur í uppnámi af malarnámi, en það þó er mjög nálægt honum og enn í vinnslu og verður hann því að teljast í hættu af því.

Heimildir

Brothwell, D.R., *Digging up Bones*, Oxford 1981.

Buikstra, J.E. & Ubelaker D.H., *Standards for Data Collection from Human Skeletal Remains*, (Arkansas Archaeological Survey Research Series No. 44), 1994.

DI: *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn, Reykjavík 1857-1972.

ÍF: *Íslensk fornrit I* -, Reykjavík 1933 -.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín X. Eyjafjarðarsýsla*, Kaupmannahöfn 1943.

Jóhannes Óli Sæmundsson, *Bæjarland Akureyrar. Örnefni*, [1965], Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu, Akureyri.

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir, *Fornleifaskráning í Eyjafirði X. Fornleifar í landi Akureyrar norðan Glerár*, Reykjavík 1998.

Schwartz, J.H., *Skeleton Keys*, Oxford 1995.

Steindór Steindórsson, *Örnefni í Akureyrarlandi*, [fjölrit], Akureyri 1987.

Steindór Steindórsson, Akureyri. *Höfuðborg hins bjarta norðurs*, Reykjavík 1993.

Viðauki I – Tennur / Dentition

Þessar upplýsingar eru skráðar á ensku svo að þær verði aðgengilegar sem flestum.

Teeth:

1=tooth present

‡=tooth absent antemortem

X=tooth absent postmortem

/=alveolar bone absent postmortem

Calculus (Brothwell 1981)

Position:

d=distal

l=lingual

b=buccal

Severity:

f=flecks

s=slight

me=medium

Ca															s	s
Ca															1	1
Tth	8	7	6	5	4	3	2	X	X	X	X	4	5	6	7	8
Tth	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/	/
Ca																
Ca																

Þessar upplýsingar eru skráðar á ensku svo að þær verði aðgengilegar sem flestum.

- **Bone:** Frontal.
- **Condition:** Complete, although there is whitening and slight flaking due to exposure on the medial and right surfaces.
- **Abnormality:** There is an enthesopathy formation – 10mm wide and 5mm long, projecting inferiorly - on the left temporal line c. 15mm from the zygomatic process.

- **Bone:** Maxilla (right & left).
- **Condition:** Complete, although there is whitening and slight flaking due to exposure on the medial part and the nasal spine is broken postmortem.
- **Abnormality:** There is an even destruction of the bone inferior to the nasal aperture with a loss of sharpness to the edge. Slight lamellar bone formation on the left maxilla lateral to the nasal aperture.

- **Bone:** Maxilla (right).
- **Condition:** Complete, although there is whitening and slight flaking due to exposure on the medial part and the nasal spine is broken postmortem.
- **Abnormality:** There is a 7x4mm cloaca with very sharp edges above the root of the first molar on the exterior surface.

- **Bone:** Maxilla (left).
- **Condition:** Complete, although there is whitening and slight flaking due to exposure on the medial part and the nasal spine is broken postmortem.
- **Abnormality:** There is a cloaca 4mm in diameter above the root of the first molar, on the inferior surface. There are two smaller cloacae on the exterior surface above the same tooth, each about 2mm in diameter. All these cloacae have very sharp edges

- **Bone:** Palate (right & left).
- **Condition:** Complete.
- **Abnormality:** There is porous woven bone plaque formation on the anterior portion and on the alveolar process.